

Bætt líf skjör – betra samfélag

Minnisblað um stefnumótunarvinnu á 45. þingi BSRB, 17. – 19. október 2018

Skipulag þingsins

Fyrsti dagur 45. þings BSRB er 17. október og hefst dagskrá klukkan 10:00 í sal A&B á Hótel Hilton Nordica, 1. hæð á hefðbundinni þingsetningu með framsögu, ávörpum, nafnakalli og kosningu starfsmanna þingsins auk framlagningu gagna og umræðu um skýrslu stjórnar. Að því loknu verður málstofa um styttingu vinnuvikunnar ásamt borðaumræðu. Málefnnastarf þingsins hefst kl. 15 þann sama dag en er þingfulltrúum skipt upp í fjóra málefnaþópa sem reiknað er með að starfi til kl. 22 um kvöldið.

Annar dagur þingsins er 18. október hefst með pallborðsumræðu frá klukkan 9:00 til 10:30 í aðalfundarsalnum og eftir það er áframhald á starfi í málefnaþópum sem stendur til kl. 15:00. Að því loknu tekur við kynning framboða til formanns BSRB. Umræður og kynning á niðurstöðum úr starfi hópanna og samþykkt ályktana hefst kl. 16:00. Gert er ráð fyrir að þinghlé verði frá kl. 18:30.

Þriðji dagur þingsins 19. október sem er lokadagur hefst með áframhaldandi kynningu á ályktunum og afgreiðslu ásamt kosningu o.fl. klukkan 9:00. Gert er ráð fyrir þingslitum um kl. 16:00.

Málefnnastarf þingsins

Á þinginu verður gefinn góður tími til málefnnastarfsins þar sem þingfulltrúar fá tækifæri til að hafa áhrif á stefnu BSRB og ályktanir. Unnið verður í fjórum málefnaþópum og auk þess verður starfandi kjörnefnd. Fyrirkomulag allra málefnaþópanna verður með sama hætti og er markmið þeirra m.a. að fræða þingfulltrúa um einstök efni, dýpka umræðu og móta áherslur bandalagsins í einstökum málum. Hverjum málefnaþópi er stýrt af formanni sem leiðir starfið, auk starfsmanns hópsins sem hefur það hlutverk að taka saman niðurstöður umræðunnar. Hver málstofa fær til sín sérfræðinga á þeim málaflokkum sem unnið er að sem munu verða með erindi. Vinnufyrirkomulag málefnaþópanna verður hópavinna í þjóðfundarstíl þar sem öllum þingfulltrúum gefst kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Þingfulltrúar verða 199 og gert er ráð fyrir að allir þingfulltrúar taki þátt í starfi einhvers málefnaþóps, en almennt er gengið út frá því að þingfulltrúar starfi einungis í einum málefnaþópi/nefnd. Í hverjum málefnaþópi verða 40 til 50 þingfulltrúar og í kjörnefnd verða 7 fulltrúar. Nefndanefnd ákveður fyrir þingið hvað hvert félag á marga fulltrúa í hverjum málefnaþópi og svo skráir viðkomandi félag sína þingfulltrúa á skrifstofu BSRB fyrir þingið. Málefnaþóparnir verða í sölum á 2. hæð á Hótel Nordica.

Mikilvægt er að allir þingfulltrúar hafi kynnt sér vel stefnu BSRB í þeim málum sem eru til umræðu í viðkomandi málefnaþópum, ásamt þeim ályktunum og gögnum sem verða lögð fyrir hópana.

1. Málefnaþópur um vinnumarkaðinn og starfsumhverfi starfsmanna í almannapjónustu (**Starfskjaranefnd**). Áhersla á starfsumhverfi og kjaramál (mannsæmandi kjör) opinberra starfsmanna, launaþróunartryggingu, jöfnun launa milli markaða, (lífeyrismál) og skattamál.
2. Málefnaþópur um vinnumarkað framtíðar. Áhersla á verkalýðshreyfinguna og framtíð hennar, stafrænan vinnumarkað, menntamál og umhverfismál. (**Allsherjarnefnd**).
3. **Kjörnefnd** – undir hana heyra kosningar.
4. Málefnaþópur um velferðarmál. Áhersla á heilbrigðismál (almannapjónusta), almannatryggingar, húsnæðismál, félagslegan stöðugleika og norræna velferðarkerfið.
5. Málefnaþópur um fjölskylduvænna samfélag. Áhersla á styttingu vinnuvikunnar, fæðingarorlofskerfið, dagvistarmál og jafnréttismál.

Þau gögn sem verða lögð til grundvallar í umræðu og vinnu málefnaþópanna eru eftirtalin.

1. Skýrsla stjórnar BSRB 2015-2018
2. Drög að stefnu BSRB 2018-2021
3. Spurningar til umræðu um efni hvers málefnaþóps